

AUGLÝSING

um gildistöku deiliskipulags í Þingeyjarsveit.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 8. maí 2003 samþykkt deiliskipulag þjónustu- og íbúðarbyggðar sunnan Kjarna í Reykjadal.

Í skipulaginu felst tillaga að byggingarreit fyrir viðbyggingu við Laugasel ásamt 2 þjónustulóðum. Tvö núverandi íbúðarhús, Hólabraut og Hólabrekka, eru innan deiliskipulagsreitsins og eru lóðir þeirra nánar afmarkaðar í deiliskipulaginu. Sunnan við einbýlishúsið Hólabraut er gert ráð fyrir íbúðarhúsagötu samhliða þjóðvegi nr. 1.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugum, 9. maí 2003.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhann Guðni Reynisson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar.

REGLUGERÐ

um undanþágu frá skilyrðum um rétt til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi.

1. gr.

Fjármálaráðherra veitir undanþágu frá skilyrðum 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um undanþágu, samkvæmt reglugerð þessari, skal hann leita umsagnar prófnefndar, skv. 1. mgr. 3. gr. laga um endurskoðendur.

2. gr.

Heimilt er, samkvæmt reglugerð þessari, að leggja að jöfnu við próf það sem um getur í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur, sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef sýnt þykir að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra.

Við mat á því hvort próf frá öðrum háskólum séu sambærileg skal prófnefndin hafa að leiðarljósi próf frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, og þá hvaða próf í einstökum námsgreinum umsækjandi þyrfti að taka til þess að fullnægja skilyrðum laganna að þessu leyti.

3. gr.

Til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi þarf viðkomandi að hafa unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn endurskoðanda samtals í þrjú ár. Heimilt er að allt að tvö ár af þriggja ára lágmarksstarfstíma hafi verið unnin undir stjórn erlendra endurskoðenda, enda séu að mati prófnefndar gerðar sambærilegar kröfur og hér á landi um þjálfun og starfsreynslu.

4. gr.

Umsækjandi um löggildingu til endurskoðunarstarfa á Íslandi, sem hefur fengið löggildingu til endurskoðunarstarfa erlendis, getur fengið undanþágu frá ákvæðum 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur, enda standist hann próf í skattarétti og skattskilum, sem próf-